

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 3. desember 2019

Mál nr. S-269/2019:

Ákærvaldið

(Alda Hrönn Jóhannsdóttir)

gegn

Kjartani Sveinarssyni og

(Ólafur V. Thordersen)

Reyni Strandberg Arnarsyni

(Gísli Tryggvason)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð miðvikudaginn 9. október, er höfðað með tveimur ákærum lögreglustjórans á Suðurnesjum. Fyrri ákæra er gefin út 9. apríl 2019 og er á hendur Kjartani Sveinarssyni, kt. 000000-0000, [...], og Reyni Strandberg Arnarsyni, kt. 000000-0000, [...] „fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum:

I. (008-2018-0168219)

Gegn ákærða Kjartani fyrir innbrot, þjófnað, eignaspjöll og fjársvik, með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 24. október 2018, brotist inn og tekið ófrjálsri hendi samtals [20] stk. af gaskútum, annars vegar [6] stk. úr húsbílum hjá fyrirtækinu X. kt. 000000-0000, að [...], og [14] stk. úr húsbílum hjá fyrirtækinu Y, kt. 000000-0000, að [...], með því að spenna upp læsingar á geymsluhólfum húsbíllanna og ollið við það skemmdum á húsbílunum. Í kjölfarið fór ákærði með hina illa fengnu gaskúta á all nokkrar bensínstöðvar Olís og afhenti afgreiðslufólki bensínstöðvanna gaskútana og fékk endurgreitt í formi inneignarnótna, sem ákærði hagnýtti sér með því að greiða fyrir eldsneyti og matvörur. Með þessari háttsemi sinni, vakti, styrkti og hagnýtti ákærði sér á ólögmetan hátt óljósar hugmyndir afgreiðslufólksins um að hann væri lögmetur eigandi að gaskútunum en með þeim hætti fékk hann endurgreitt í formi inneignarnótna hjá bensínstöðvum Olís og olli þeim og eigendum gaskútanna tjóni, samtals að áætluðu verðmæti 1.629.490 krónur.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 244. gr., 1. mgr. 248. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. (008-2018-0168219)

Gegn ákærða Reyni, [fyrir] hylmingu, með því að hafa afhent afgreiðslufólki bensínstöðva Olís hluta af gaskútunum sbr. ákærulið I. sem ákærða gat ekki dulist að aflað hefði verið með refsiverðum hætti, þar sem ákærði var farþegi í bifreið ákærða Kjartans þann 24. október 2018, en ákærði fékk endurgreitt í formi inneignarnóta hjá bensínstöðvunum, og hagnýtti sér þær til að greiða fyrir eldsneyti og matvörur. Með þeirri háttsemi sinni stuðlaði ákærði að því að halda við ólöglegum afleiðingum brotsins sbr. ákærulið I., og tók með því þátt í ávinningi af broti meðákærða Kjartans.

Telst þessi háttsemi ákærða aðallega varða við [...] 1. mgr. 254. gr. og 3. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Síðari ákæra er gefin út 13. maí 2019 og er á hendur ákærða Reyni fyrir „eftirtalin brot gegn umferðarlögum:

I. (008-2017-10990)

Með því að hafa, fimmtudaginn 20. júlí 2017, ekið bifreiðinni [...] á Reykjanesbraut við Strandaheiði, Vatnsleysustrandahreppi, á 113 kílómetra hraða á klukkustund, að teknu tilliti til vikmarka, þar sem leyfður hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund.

Telst háttsemi þessi varða við 2. mgr. 37. gr. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

II. (007-2019-2354)

Með því að hafa, sunnudaginn 13. janúar 2019, ekið bifreiðinni [...] norður Bústaðaveg við Flugvallarveg, Reykjavík, án þess að hafa ökuskírteini meðferðis [...].

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

III. (008-2019-1065)

Með því að hafa, þriðjudaginn 22. janúar 2019, ekið bifreiðinni [...], á Njarðarbraut við Bolafót, Reykjanesbæ, án þess að hafa skafað af rúðum bifreiðarinnar þannig að rúðurnar voru hélaðar og útsýni ákærða verulega skert og því ekki verið fær um að stjórna bifreiðinni án þess að af því leiddi hættu.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 59. gr. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

IV. (007-2019-12127)

Með því að hafa, föstudaginn 01. mars 2019, ekið bifreiðinni [...] við Hagasmára 9, Kópavogi, undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði (í blóði mældist 205 ng/ml af amfetamíni og 10 ng/ml af metýlfenídat) og því ekki verið fær um að stjórna bifreiðinni örugglega.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

V. (008-2019-3279)

Með því að hafa, laugardaginn 2. mars 2019, ekið bifreiðinni [...] við Krossmóa 4, Reykjanesbæ, undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði (í blóði mældist 65 ng/ml af amfetamíni) og því ekki verið fær um að stjórna bifreiðinni örugglega.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

VI. (008-2019-3602)

Með því að hafa, föstudaginn 8. mars 2019, ekið bifreiðinni [...] norður Njarðarbraut, Reykjanesbæ, undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði (í blóði mældist 50 ng/ml af amfetamíni og 10 ng/ml af metýlfenídati) og því ekki verið fær um að stjórna bifreiðinni örugglega.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

VII. (008-2019-3602)

Með því að hafa, eftir að ákærði hafði verið færður á lögreglustöðina við Hringbraut í Reykjanesbæ, vegna atvika þeirra er frá greinir í ákærulið VI, ítrekað neitað að gefa blóðsýni vegna rannsóknar málsins og þurfti lögregla að lokum að færa ákærða í lögreglutök og taka blóð með valdi.

Telst háttsemi þessi varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þess er jafnframt krafist að ákærða verði gert að sæta sviptingu ökuréttar, sbr. 1. mgr. 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993 og lög nr. 66/2006.“

Í upphafi var ákærði Reynir ákærður í II. ákærulið fyrri ákæru „aðallega fyrir þjófnað og fjársvik í félagi við ákærða Kjartan, en til vara hylmingu“, en við þingfestingu málsins féll ákæruvaldið frá því að ákæra fyrir þjófnað og fjársvik. Þá var ákærða Kjartani í upphafi gefið að sök að hafa tekið 40 gaskúta en undir rekstri málsins breytti ákæruvaldið ákærunni þannig að gaskútarnir hefðu verið 20.

Ákærði Kjartan játar sök samkvæmt breyttri ákæru. Hann tók fram fyrir dómi að hann taldi tjón af háttsemi sinni ofætlað í ákæru.

Í II. ákærulið síðari ákæru var ákærða Reyni í upphafi gefinn að sök akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna en undir rekstri málsins féll ákæruvaldið frá því atriði.

Ákærði Reynir játar sök samkvæmt ákæruliðum II, IV, V og VI í síðari ákæru. Hann kveðst játa háttsemi þá sem sér sé gefin að sök í ákærulið VII en krefjast sýknu af ákæruliðnum þar sem, háttsemin hafi ekki verið refsiverð. Að öðru leyti neitar ákærði sök.

Ákærði Kjartan krefst vægustu refsingar sem lög leyfi.

Ákærði Reynir krefst í greinargerð sýknu en til vara að refsingu verði frestað, til þrautavara að refsing verði skilorðsbundin en að því frágengnu vægustu refsingar sem lög leyfi.

Verða nú raktir málavextir eins og ástæða þykir til.

Fyrri ákæra

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst hinn 23. október 2018 um þjófnað úr og eignaspjöll á húsbílum við bílaleiguna X. Lögregla fór á vettvang en er hún var á leið þangað barst sambærileg tilkynning er varðaði húsbíla við bílaleiguna Y. Lögregla ræddi við starfsmann bílaleigunnar X og er haft eftir honum að starfsmenn leigunnar hafi sama morgun tekið eftir því að læsingar á geymsluhólfum húsbíla hefðu verið spenntar upp og gaskútum stolið úr geymslunum. Þegar starfsmenn hafi yfirgefið vettvanginn um

kvöldmatarleyti daginn áður hafi ekkert verið athugavert. Alls hafi verið farið í fjórtán húsbíla, eignaspjöll verið unnin á þeim öllum og fjórtán gaskútum stolið. Þá hafi lögregla rætt við eiganda bílaleigunnar Y og hafi hann sagt starfsmenn hafa tekið eftir því um morguninn að geymsluhólf húsbíla væru opin. Starfsmenn hafi yfirgefið leiguna kl. 21 kvöldið áður og þá ekkert verið athugavert. Við nánari skoðun hafi komið í ljós að eignaspjöll hefðu verið unnin á þremur bifreiðum og að 26 gaskútar hefðu verið teknir.

Samkvæmt gögnum málsins fékk lögregla upplýsingar um að bifreiðin[...], í eigu Kjartans Sveinarssonar, annars ákærðu í máli þessu, hefði verið á ferðinni á brotavettvangi. Þá fékk lögregla upplýsingar um að ákærði Kjartan hefði skilað einhverju magni af gaskútum til Olís. Hinn 27. október kl. 16:00 var ákærði Kjartan handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Í skýrslutöku síðar sama dag viðurkenndi hann að hafa tekið allt að tuttugu gaskúta af báðum bílaleigum og að hafa spennt upp læsingar á fimm eða sex bifreiðum hjá X og á tveimur eða þremur hjá Y. Spurður um hver hefði verið með honum svaraði ákærði Kjartan því til að það hefði verið Reynir Strandberg Arnarson, annar ákærðu í málinu. Sama kvöld var ákærði Reynir handtekinn. Í skýrslu er haft eftir honum að hann viti ekkert um þjófnað á gaskútum eða skemmdir á bifreiðum. Hann hafi farið með nokkura kúta sem verið hafi í bifreið ákærða Kjartans en ekkert vita um hvaðan þeir kæmu. Hann var spurður hvað hann hefði farið með marga kúta og svarar „Ég fór einhverjar fjórar ferðir, eða fimm. Ég veit það ekki. Svo var bara tekinn hringur og farið heim.“

Í málinu liggja skjáskot úr öryggismyndavélum. Þar á meðal sýnir eitt ákærða Reyni inni á eldsneytissölu Olís. Heldur hann á einum gaskúti í hvorri hönd. Á myndina er skráð dagsetningin 24. október 2018 og tímasetning sem virðist vera kl. 18:57.

Hinn 7. nóvember 2018 komu [...] forsvarsaður Y og [...] forsvarsaður X á lögreglustöð og gerði hvor um sig refsikröfu fyrir hönd síns fyrirtækis vegna málsins.

Í málinu liggur vottorð, dags. 1. júlí 2019, undirritað af H geðlækni. Þar segir meðal annars að ákærði Reynir hafi verið í meðferð hjá læknum í um áratug. Svo segir: „Er með „ADHD, endurtekið þunglyndi og kvíðaröskun. Í byrjun mars 2019 var hann meðhöndlaður með Medikinet (methylphenidate), Venlafaxin og Seroquel. Í janúar var hann á sömu lyfjum, nema í stað Medikinet var hann á Ritalin uno.“

Í málinu liggur ódagsett bréf I, sérfræðings í gjörgæzluhjúkrun, til ákærða Reynis. Þar kemur meðal annars fram að ákærði hafi komið á gjörgæzludeild 4. febrúar 2019 vegna

hjartastopps og hafi honum verið haldið í öndunarvél í sólarhring. Hann hafi verið órólegur á eftir og þá gefin slævandi lyf og aftur settur í öndunarvél. Hafi hann verið í vélinni til 14. febrúar. Ákærði hafi orðið skýrari og rólegri eftir því sem á leguna hafi liðið. Hann hafi verið útskrifaður á legudeild 19. febrúar og þaðan á sjúkrahúsið í Keflavík 22. febrúar.

Síðari ákæra

Ákæruliður I

Samkvæmt umferðarmálaskýrslu lögreglunnar á Suðurnesjum, dags. 20. júlí 2017, ók ákærði Reynir bifreiðinni [...] á Reykjanesbraut þann dag kl. 15:20 og var hraði bifreiðarinnar mældur 117 km á klukkustund. Að gættum 4 km vikmörkum var niðurstaða mælingarinnar samkvæmt skýrslunni 113 km á klukkustund. Á skýrsluna er bókað að ákærði hafi rengt mælinguna og neitað að skrifa undir skýrsluna. Einnig er bókað að honum hafi verið sýndur mældur ökuhraði á skjá ratsjárinnar. Undir skýrsluna ritar D lögregluþjónn og sem vottur E lögregluþjónn.

Ákæruliður III

Samkvæmt umferðarmálaskýrslu lögreglunnar á Suðurnesjum, dags. 22. janúar 2019 var ók ákærði Reynir bifreiðinni [...] á Njarðarbraut kl. 09:37 þann dag og var útsýni úr bifreið hans ábótavant. Á skýrsluna er skráð að hann neiti sök. Í frumskýrslu lögreglu, sem G lögregluþjónn ritar og F lögregluþjónn áritar til staðfestingar, segir meðal annars að lögregla hafi verið við umferðareftirlit þegar hún hafi tekið eftir bifreiðinni [...] „vegna þess hve hélaðar rúður hennar voru og virtist ökumaður eiga í erfiðleikum með að sjá út úr bifreiðinni þar sem hann ók á undan“ lögreglu. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni, ákærða Reyni, að hann „hafi ekki verið nógu duglegur að skafa af rúðum bifreiðarinnar en hélt því samt fram að hann sæi nægilega vel út.“ Í skýrslunni segir að grunur hafi vaknað um að ákærði væri undir áhrifum fíkniefna og hafi hann verið beðinn um að fara á lögreglustöð til þvagsýnagjafar. Hann hafi neitað og verið handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Þar hafi hann gefið sýni sem hafi verið neikvætt og hann látinn laus. Í skýrslunni er að finna ljósmyndir af rúðum bifreiðarinnar og verður nánar fjallað um þær í niðurstöðukafla dómsins.

Ákæruliður VII

Samkvæmt lögregluskýrslu var lögregla við eftirlit hinn 8. 3. 2019 er hún tók eftir bifreiðinni [...] og aksturslagi hennar. Var ákveðið að athuga ástand og ökuréttindi ökumanns. Ökumaður var ákærði Reynir. Samkvæmt skýrslunni gaf hann öndunarsýni sem benti til ölvunar og að mati lögregluþjóna bar hann einkenni þess að vera undir áhrifum fíkniefna, en hann hafi verið ör, rauður til augna, þurr í munn og með útþanin sjáöldur. Hafi ákærði verið handtekinn kl. 22:33, grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna. Í skýrslunni segir að illa hafi gengið hjá ákærða að láta í té þvagsýni. Það hafi hann gert kl. 01:20 og hafi það sýnt „jákvæða niðurstöðu á AMP og COC.“ Hafi honum verið birt upplýsingablað fyrir handtekna menn en hann neitaði að skrifa undir það. Ákærða hafi verið kynnt að draga þyrfti úr honum blóð í þágu rannsóknar málsins en hann hafi þvertekið fyrir að það yrði gert. Honum hafi þá verið tjáð að ef hann neitaði að hlíta blóðtöku varðaði það tólf mánaða ökuréttarsviptingu, óháð niðurstöðu blóðrannsóknar. Hafi ákærði sagt að sér væri alveg sama um það. Er þá skráð að annar lögregluþjónn hafi tilkynnt ákærða það sama, en ákærði svaraði á sama veg. Er þá skráð að þriðji lögregluþjónninn hafi tilkynnt ákærða þetta en ákærði hefði svarað að lögregla gæti tekið öll réttindi af sér en blóðið fengi hún ekki. Segir næst í skýrslunni: „[Ákærði] neitaði að [hlíta] töku blóðsýnis og þurfti því að færa hann í lögreglutök og taka blóð með valdi.“

Skýrslur fyrir dómi

Fyrri ákæra

Ákærði Kjartan kvaðst játa háttsemi sína en telja áætlað tjón á bifreiðunum ofmetið í ákæru. Það væri innan við tíu þúsund krónur vegna hvernar bifreiðar um sig.

Á þeim tíma er atvik málsins urðu hefði ákærði átt heima í Hafnarfirði.

Ákærði sagðist hafa þekkt meðákærða í tvö ár eða svo og væru þeir góðir vinir. Á þeim tíma er atvik málsins urðu hefði meðákærði verið nýbúinn að beinbrotna og ákærði hefði oft lánað honum bifreið sína, ekið honum til læknis og slíkt. „Hann kom á morgnana og ég keyrði [hann] til læknis og [...] síðan fór hann suðureftir á bílnum alltaf.“ Hinn 23. október hefðu þeir verið saman frá morgni en um kvöldið „fórum við og náðum í þessa kúta. Eða ég.“ Ákærði hefði beðið meðákærða um að koma með sér og keyra „og ég náði í nokkura kúta og setti inn í bílinn og fórum í bæinn og tókum þá út þar. Og hann fór svo á bílnum suðureftir.“

Ákærði sagði að þeir hefðu verið að aka um og ætlað „að gera eitthvað“ og þá „keyrum við þarna fram hjá og sjáum þetta, og mér dettur þetta bara í hug, ég segi honum ekki neitt.“ Á þessum tíma hefði ákærði verið á verkjalyfjum og ekki getað ekið. Meðákærði hefði ekið bifreiðinni og hefði stöðvað við brotavettvang að beiðni ákærða. Ákærði hefði þar farið út úr bifreiðinni „og síðan sé ég þarna nokkura gaskúta, það er opið, opnar hurðirnar á nokkurum bílum, þannig að ég ákveð það nú bara að gá hvort við getum ekki tekið þá og skipt þeim, en sagði honum það ekkert.“ Ákærði sagði að flestar bifreiðarnar hefðu verið ólæstar „en annars þurfti bara rétt að taka og spenna [...] þá bognar læsingin“ að geymsluhólfi kútanna. Þetta væru „aumingjaspennur“. Eina sem þyrfti að gera til að laga þær væri að rétta þær til baka. Ákærði hefði gætt þess að „skemma ekki bílana“.

Ákærði sagði að ekki kæmust nema í hæsta lagi fjórtán gaskútar í bifreið sína og þeir hefðu einungis farið eina ferð. Hann hefði hins vegar viðurkennt að hafa tekið tuttugu kúta, til að vera viss. Þetta hefði verið gert einu sinni. Eftir þetta hefði verið ekið í Hafnarfjörð og þar hefði ákærði farið inn til sín um ellefuleytið og tekið með sér gaskútana en meðákærði hefði farið heim. Þeir hefðu þó verið búnir að fara með einn kút á eldsneytissölu Olís í Reykjanesbæ. Það hefði verið gert fyrir kl. 22 um kvöldið. Ákærði sagðist ekki muna hvor þeirra hefði farið með kúttinn þangað.

Ákærði sagði að meðákærði hefði ekki spurt sig hvað hann væri að gera með gaskútana. Ákærði var spurður hvort meðákærði hefði vitað það og svarað: „Það hlýtur að vera. Ég veit það ekki.“

Ákærði sagðist hafa hitt meðákærða daginn eftir, líklega í hádegi. Ákærði hefði þá sett nokkura kúta í bifreiðina „og förum og skilum nokkurum“. Þeir hefðu farið á nokkurar eldsneytisstöðvar Olís, þar á meðal í Mjódd, á Sæbraut, Granda. Þeir hefðu farið með tvo kúta á hvern stað. Ekki hefði verið hægt að fara með alla kútana á sama stað enda gætu stöðvarnar ekki tekið við nema ákveðnum fjölda kúta. Ákærði hefði farið með nokkura kúta og meðákærði nokkura. Fyrir kútana hefðu þeir fengið inneignarnótur og keypt fyrir þær eldsneyti og ýmislegt fleira, vafalaust tóbak, samlokur og gosdrykki fyrir sjálfa sig. Fyrst og fremst hefðu þeir keypt eldsneyti enda væri dýrt að aka. Einhverjum inneignarnótum hefðu þeir týnt en einhverjar hefðu þeir nýtt síðar. Misjafnt hefði verið hvor hefði sett eldsneyti á bifreiðina.

Ákærði sagði að þeir meðákærði hefðu ekkert rætt um gaskútana. „Hann hlýtur nú að hafa áttað sig á þessu“ bætti ákærði við. Nánar spurður hvað hann ætti við sagði ákærði: „Það segir sig sjálft, maður fær ekki alla þessa kúta svona“. Síðar var ákærði spurður

hvort meðákærði hefði spurt einhvers þegar ákærði hefði komið með kútana, og svaraði: „Auðvitað hlýtur hann að hafa fattað það, [...] enda var fjárhagsstaðan slæm.“ Meðákærði hefði einskis spurt.

Ákærði sagði að það, hvor þeirra hefði farið með kúta hverju sinni, hefði farið eftir því „hvor okkar var betri í skrokknum til að fara.“ Ákærði hefði átt frumkvæðið og sagt að þeir skyldu „fara niður á bensínstöð og við ætlum að skipta kútunum og setja bensín á bílinn.“ Þeir hefðu fengið tæplega átta þúsund krónur fyrir hvern kút.

Ákærði sagði að á þessum tíma hefði fjárhagsstaða sín verið slæm en hann hefði þurft að greiða mikinn lækna- og lyfjakostnað. Þá hefði hann verið á leið í skilnað. Þetta hefði meðákærði vitað. Ákærði sagðist vera mikill sjúklingur eftir að hryggjarliðir hefðu brotnað hjá sér og sýking farið í. Hann hefði legið á sjúkrahúsi í tvo mánuði og verið nær dauða en lífi.

Ákærði Reynir Strandberg sagði þá meðákærða vera góða féлага og hafa verið í um tvö ár.

Ákærði var spurður hvað þeir meðákærði hefðu haft fyrir stafni 23. og aðfaranótt 24. október 2018. Hann sagði þá hafa verið „á rúntinum“. Hann sagðist ekki muna þetta nákvæmlega en þeir hefðu „rúntað“ eitthvað „hérna suðurfrá“ og verið „að stússast“. Nánar spurður sagði ákærði þá hafa farið um Reykjanes og Reykjanesbæ. Báðir hefðu áhuga á bifreiðum og breytingum á þeim og ákærði hefði þar að auki áhuga á að aka bifreið meðákærða sem væri stór og falleg. Ákærði hefði ekið henni eins mikið og hann hefði getað, „sagði aldrei nei við því“.

Ákærði sagði að meðákærði hefði beðið sig um að stöðva bifreiðina á einum stað, þar sem hann ætlaði „að gera eitthvað“. Ákærði hefði sjálfur ekki farið úr bifreiðinni þar en úti hefði verið rigning og móða og hann á hækjum sem hann hefði ekki viljað „hoppa á“ í bleytu. Betra hefði verið að sitja inni í þægilegri bifreið og fikta í símanum „á meðan hann var að sinna sínum málum.“ Ákærði var spurður hvað meðákærði hefði verið að gera á þessum stað og svaraði því til að hann hefði ekki spurt meðákærða að því. Þetta hefði verið „einhver tími“. Meðákærði hefði komið „með þessa gaskúta til baka“ af svæðinu en ákærði „spurði hann ekkert út í þetta frekar“. Það hefði ekki komið sér við hvað meðákærði væri að gera. Gaskútarnir hefðu verið settir afturí bifreiðina.

Ákærði var spurður hvort hann hefði séð meðákærða koma með gaskútana og setja þá í bifreiðina, og svaraði: „Já, ég varð náttúrulega var við að hann var að koma með eitthvað

inn í bílinn og opnar náttúrulega bílinn og þá náttúrulega tekur maður eftir því.“ Nánar spurður hvort hann hefði séð meðákærða koma með gaskúta svaraði ákærði því játandi en bætti við þegar bifreiðin væri full af móðu sæist ekki mikið.

Ákærði sagði að eftir þetta hefði þáverandi kona meðákærða hringt og meðákærði í framhaldi af því óskað eftir að ákærði æki sér heim. Ákærði hefði þá tekið eftir að „klukkan var orðin svolítið margt“. Þegar komið hefði verið heim til meðákærða hefði meðákærði tekið gaskútana úr bifreiðinni en ákærði hefði ekki vitað hvað hann ætlaði sér með þá. Eftir þetta hefði ákærði ekið burt en lofað að koma snemma daginn eftir.

Daginn eftir hefðu þeir farið „eitthvað að vesenast“ og þá hefði meðákærði sagt að hann ætlaði „að fara með þessa gaskúta og ég sagði „já ekki málið“ en ég var nú ekki alveg klár á því hvert eða hvað, og hann sem sagt setur kútana inn í bílinn, enda var ég á á hækju þá“ og, eftir því hann myndi, „ekkert svo góður í löppinni“. Ákærði hefði verið á tveimur hækjum en hefði getað sleppt annarri og borið kút með annarri hendi. Hefði þetta þó verið erfitt þar sem fótur ákærða hefði verið „í steik“. Þeir meðákærði. hefðu ekið á einhverja eldsneytissölu og þar hefði hann farið inn. Ákærði sagðist ekki hafa áður farið með gaskút á eldsneytissölu, en meðákærði hefði sagt að ef þeir gerðu það gætu þeir „fengið bensín á bílinn og þá gætum við haldið áfram að stússast. Ég vissi ekki meira, ég fór með þennan kút fyrir hann inn á bensínstöðina“ og þar hefði ákærði fengið „inneignarnótu og bensín og ég held að það hafi verið brauð eða eitthvað fyrir krakkana sem var sett í poka“. Nánar spurður sagði ákærði að keyptar hefðu verið samlokur og súkkulaði og vel gæti verið að hann hefði fengið sér samloku. Eftir þetta hefðu þeir haldið áfram og þá hefði meðákærði sagt að það væri „fint að losna við þessa“ kúta, en hann „gæti ekki verið með þetta í skúrnum, ég spáði ekki, ókei, þannig að við fórum á held ég, ég fór með honum á held ég tvær bensínstöðvar og síðan ekki meir.“ Ákærði sagðist ekki vera viss um hve marga kúta hann hefði sjálfur farið með, þeir hefðu verið hugsanlega þrír. Ákærði sagðist hafa verið „með hækjur, þannig að ég lofta ekki tveim kútum“, og því hefði hann aðeins farið með einn kút hverju sinni. Hann hefði farið með einn kút á eldsneytissölu Olís í Mjódd, annan á Sæbraut en hann myndi ekki hvert hann hefði farið með þann þriðja. Ákærði sagðist ekki muna hvað þeir hefðu farið á margar eldsneytissölur. Meðákærði hefði „leikandi“ getað haldið á tveimur kútum í einu. Ákærði sagði að þegar hann sæti fremst í stórrí bifreið og farangursgeymslan væri opnuð sæi hann vart hvað gerðist þar aftur í. Vel mætti vera að farið hefði verið með „fleiri kúta á einhverjar bensínstöðvar. [...] Þetta kom mér ekki við.“ Ákærði hefði aðstoðað

meðákærða með því að fara með þrjá kúta samkvæmt beiðni hans, „svo við gætum farið og klárað að gera allt sem við þurftum að gera í bænum.“ Í lok dags hefði ákærði ekið meðákærða heim og svo farið beint heim til sín. Hann sagðist ekki hafa velt því fyrir sér þá hvort einhverjir kútar væru eftir í bifreiðinni. „Þetta er það stór bíll og mikið pláss að ég mundi ekki einu sinni taka eftir því ef það væru þrír fjórir gaskútar aftast í skottinu í sjö manna bíl.“

Ákærði sagðist ekki muna hvort hann hefði sjálfur sett eldsneyti á bifreiðina.

Borið var undir ákærða sem haft er eftir honum í lögregluskýrslu að hann hafi farið í fjögur til fimm skipti með kút. Hann sagðist ekki geta skýrt þetta sérstaklega en þegar hann hugsaði til baka væri framburður hans fyrir dómi „nærri lagi“. Hann myndi atvikin hins vegar ekki betur fyrir dómi en hann hefði áður gert.

Ákærði sagði að hann hefði ekkert gert af sér, aðeins ekið um og hjálpað vini sínum.

Ákærði sagðist hafa glímt við athyglisbrest í að minnsta kosti tíu ár og fengið lyf við honum. Á umræddum tíma hefði hann verið nýbúinn að skipta um lyf.

Ákærði sagði föður meðákærða sjá um flutningaþjónustu sem tengdist stórum bifreiðum og slíku. Á umræddum tíma hefði hann litið svo á að faðirinn sinni umtalsverðum flutningum með stórum bifreiðum og gámum um land allt. Ákærði hefði talið mögulegt að gaskútarnir tengdust þeirri starfsemi á einhvern hátt. Hann hefði ekki spurt að því. Meðákærði þekkti menn sem væru „í svona húsbílabransa og annað“.

Vitnið B lögregluþjónn sagði lögreglu hafa fengið upplýsingar um að bifreið ákærða Kjartans hefði verið ekið „um svæðið“, og um að „aðilar“ hefðu verið „að skila mikið af gaskútum á nokkurum bensínstöðvum hér á höfuðborgarsvæðinu og einnig í Njarðvík.“ Hefði lögregla fengið skjáskot úr öryggismyndavélum er sýndu ákærðu ganga inn með gaskút. Vitnið sagðist hafa yfirheyrt ákærða Kjartan og hefði hann að mati vitnisins sagt satt og rétt frá. Ákærði hefði ýmis neitað öllu eða neitað að tjá sig.

Vitnið C lögregluþjónn sagðist hafa yfirheyrt ákærða Reyni. Hefðu rannsakendur metið framburð ákærða ótrúverðugan en framburð ákærða Kjartans trúverðugan. Vitnið sagði upplýsingar um tjón á bifreiðunum vera komnar frá eigendum þeirra en hefðu ekki verið rannsakaðar frekar. Verðmæti hvers gaskúts hefði verið fengið með símtali á einhverja eldsneytisstöð eða framburðarskýrslu sakbornings. Vitnið myndi þetta ekki vel.

Síðari ákæra

Ákæruliður I

Ákærði sagðist hafa verið sem leigubifreiðarstjóri á leið á Keflavíkurflugvöll með farþega. Umferðarhraði á því svæði er atvikið gerðist væri að jafnaði „í kring um hundrað“. Ákærði hefði þarna verið „í samfloti með rútu“ sem hefði verið „svólítið að sletta upp á bílinn hjá“ ákærða. Ákærði hefði aukið hraðann aðeins, í hæsta lagi í 105 km á klukkustund, til að komast fram úr rútnni til að komast hjá að fá sletturnar á bifreiðina. Þegar hann hefði komið niður brekku hefði lögregla stöðvað sig, af óljósum ástæðum þar sem ákærði hefði verið „í samfloti þarna með umferðinni“. Hann hefði ekki verið „einn og sér fremstur“. Ákærði hefði spurt lögregluþjón hvort hann léti ekki eitt yfir alla ganga og stöðvaði „alla bílaröðina“. Ákærði hefði neitað að skrifa undir skýrslu lögreglunnar á vettvangi og hefði spurt hvort hann mætti ekki „gera þetta seinna“, þar sem hann væri með farþega á leið á flugvöllinn. Að lokum hefði sér verið sagt að fara.

Ákærði sagðist ekki muna hvort sér hefði verið sýnd læst tala á ratsjá.

Ákærði sagði hraðamæli sinn hafa verið „á reikinu í kring um hundrað“ þegar atvikið hefði orðið.

Vitnið D lögregluþjónn sagðist muna óljóst eftir málinu. Vitnið sagðist fullkomlega visst um að rétt hefði verið staðið að mælingunni, ekki væri farið af stað með það sem óvissa væri um. Vitnið sagðist ekki muna hvort ákærða hefði verið sýnd læst tala á ratsjá. Kæmi það fram í gögnunum hefði vitnið hins vegar „örugglega gert það, að sjálfsögðu“. Vitnið sagðist ekki muna hvort önnur umferð hefði verið á sama stað og stund, en vitnið væri oft við störf á Reykjanesbraut. Vitnið sagði að farið hefði verið eftir fyrir mælum um hvernig standa skyldi að notkun ratsjár.

Vitnið sagði að sig rámaði í að annar lögregluþjónn hefði verið með sér við mælingarnar. Vitnið á vélhjólum en hinn á bifreið.

Vitnið E lögregluþjónn sagðist hafa verið á lögreglubifreið umrætt sinn. Vitnið sagðist muna eftir mælingunni en ekki umferðinni umrætt sinn. Ákærði hefði orðið „mjög reiður“ er hann hefði verið stöðvaður. Hann hefði ekið leigubifreið og verið með farþega. Vitnið sagðist ekki muna á hvaða hraða ákærði hefði borið að hann hefði ekið. Ákærða hefði verið sýnd læst tala á ratsjá. Nánar spurt sagðist vitnið muna eftir því að þetta hefði

verið gert, en félagi þess, Guðmundur, hefði þurft að ræða mikið við ákærða á vettvangi. Vitnið sagðist ekki muna til þess að hafa séð töluna sjálf.

Ákæruliður III

Ákærði sagðist hafa skafið af öllum rúðum bifreiðarinnar, en „kannski ekki alveg 100%“. Gæti hver fyrir dæmt sig hvort hann hefði skafið nóg. Lögregluþjónn sem ekið hefði bifreiðinni af vettvangi hefði ekki skafið af henni frekar.

Ákærði sagði að vettvangur væri um kílómetra frá þáverandi heimili sínu.

Vitnið F lögregluþjónn sagðist hafa ekið lögreglubifreið umrætt sinn. Lögregla hefði mætt bifreið, snúið við á eftir bifreiðinni og stöðvað hana „vegna þess að við veittum því athygli að á framrúðu bifreiðarinnar“ var lítið gat til útsýnis ökumanni en rúðan að öðru leyti þakin snjó og ísingu. Vettvangsskýrsla hefði verið skrifuð en ökumaður neitað sök og neitað að skrifa undir skýrsluna. Tekið hefði verið munnvatnssýni til að athuga fíkniefnanotkun og það gefið svörun sem lögregluþjónar á vettvangi hefðu talið benda til fíkniefnaáhrifa. Ökumaður hafi þá verið handtekinn og færður á lögreglustöð. Félagi vitnisins hefði flutt bifreiðina að lögreglustöðinni. Þar hefði ökumaður gefið þvagsýni en þar komið neikvætt svar um fíkniefnanotkun.

Vitnið sagði að þegar lögregla hefði fært bifreiðina að lögreglustöð hefði verið búið að bráðna af framrúðunni. Vitnið sagðist ekki muna hvort lögregla hefði skafið af rúðum áður en bifreiðinni hefði verið ekið að lögreglustöðinni.

Vitnið sagði að sig minnti að bifreiðin hefði verið í gangi og miðstöðin á, meðan lögregla hefði rætt við ökumanninn.

Vitnið G lögregluþjónn sagði lögreglu hafa mætt bifreið og strax tekið eftir að rúður hennar væru „vel hélaðar“ og „það sést nánast ekkert um neina rúðu, hvorki hliðarrúður né afturrúður og síðan þegar bíllinn tekur sem sagt beygju inn á hringtorgið þá tókum við líka eftir því að framrúðan er einnig alveg héluð, það var svona örlítið gat kannski sem sást út.“ Lögregla hefði gefið ökumanni merki um að stöðva aksturinn og hann stöðvað. Félagi vitnisins, [...], hefði strax farið út og tekið mynd af bifreiðinni og hefði síðan rætt við ökumanninn. Í samtali lögreglu og ökumanns hefði vaknað grunur um að ökumaður væri undir áhrifum fíkniefna og hafi hann verið færður á lögreglustöð til þvagsýnisgjafar. Vitnið sagði að ökumaður hefði neitað að fara með lögreglu.

Vitnið sagði að bifreiðin, sem stöðvuð hefði verið, hefði verið í gangi á meðan lögregla ræddi við ökumanninn. Vitnið sagðist muna vel eftir því. Vitnið sagði að yfirlögregluþjónn hefði verið búinn að gefa fyrirmæli um að lögregla fylgdist vel með hvort bifreiðum væri ekið með illa sköfuðum rúðum „og þess vegna vorum við alveg vel vakandi fyrir bifreiðum af þessu tagi“.

Vitnið sagði að sig minnti að það hefði hafa ekið bifreið ákærða að lögreglustöðinni. Það kvaðst þó ekki vilja fullyrða um það. Vitnið sagði að þegar búíð hefði verið að ræða við ökumann á vettvangi hefði útsýni um framrúðuna verið orðið meira vegna bráðnunar. Vitnið sagðist ekki muna hvort það hefði sjálft skafið af rúðunni. Það hefði hins vegar ekki ekið bifreiðinni ef útsýni hefði verið skert. Hefði svo verið hefði vitnið skafið af rúðunni. Ekkert í verklagsreglum bannaði það enda hefði verið búíð að taka mynd af rúðunni við upphaf málsins.

Ákæruliður VII

Ákærði sagðist hafa verið búinn að fá taugaáfall og hefði játað hvað sem væri til að komast heim til sín. Hann hefði sagt lögreglu að hann gæti ekki verið „í einhverju endalausum rugli og kúgun, fannst mér bara, af lögreglunni á Suðurnesjum.“ Hann væru með innilokunarkennd og hefði verið „hálfpartinn kæfður“. Þá væri ákærði með sprautufælni og „læknafóbíu“. Þarna hefði hann verið nýkominn af sjúkrahúsi þar sem hann hefði legið í öndunarvél í tvær vikur. Spurður hvers vegna hann hefði neitað að gefa blóðsýni sagðist ákærði vera með sprautufælni og innilokunarkennd.

Niðurstaða

Með játningu ákærða Kjartans, sem fær stoð í gögnum málsins og ekki þykir ástæða til að draga í efa, er hann sannur að sök samkvæmt I. ákærulið fyrri ákæru og hefur unnið sér til refsingar en háttsemi hans er rétt færð til refsíákvæða í ákærinni. Hér er þess hins vegar að gæta að þótt telja verði ljóst að ákærði hafi valdið einhverju tjóni á að minnsta kosti hluta bifreiðanna hefur í málinu ekki verið sýnt fram á hversu mikið það er. Lögregla byggði mat sitt á því á upplýsingum frá tjonþolum en ekki liggja fyrir gögn um það, svo sem reikningar vegna viðgerða. Þá liggur ekki fyrir nákvæmt verð gaskútanna. Ákærði hefur mótmælt ætluðu tjóni sem allt of háu. Í málinu eru ekki efni til að slá föstu hversu miklu tjóni ákærði olli með háttsemi sinni þótt ljóst sé að það hefur eitthvert verið.

Ákærði Reynir er ákærður fyrir hylmingu með því að hafa viðhaft þá háttsemi er tilgreind er í ákærinni. Fyrir liggur að hann ók bifreiðinni um nóttina er ákærði Kjartan fór annars vegar í aðstöðu X og hins vegar Y og kom þaðan með gaskúta, eins og rakið hefur verið. Hinir ákærðu voru sammála um að þeir hefðu ekki rætt sérstaklega um hvernig á því stæði að ákærði Kjartan væri kominn með gaskútana í hendur, en ákærði Kjartan sagði fyrir dómi að ákærði Reynir hlyti að hafa áttað sig á því. „Það segir sig sjálf, maður fær ekki alla þessa kúta svona“ sagði ákærði Kjartan fyrir dómi. Ákærði Reynir segist ekki hafa áttað sig á því og vísaði til þess að faðir ákærða Kjartans væri í rekstri er snerti stórar bifreiðar og gaskútarnir hefðu getað verið í sambandi við þá starfsemi og auk þess þekkti ákærði Kjartan menn „í svona húsbílabransa“.

Um nóttina var ekið að tveimur bílaleigum. Þangað fór ákærði Kjartan og kom til baka með gaskútana. Í lögregluskýrslu var haft eftir starfsmönnum leignanna að starfsmenn hefðu uppgötvað þjófnaðinn um morguninn. Augljóst er að leigurnar hafa verið lokaðar er ákærðu óku að þeim um nóttina. Sá möguleiki að ákærði Kjartan hefði í raun mátt taka gaskútana og það um nótt þegar starfsstöðvar bílaleignanna voru lokaðar, var svo fjarstæðukenndur að ákærði Reynir gat ekki miðað við að sú væri raunin. Enn síður þegar hann hafði engin orð ákærða Kjartans fyrir því kútarnir væru í raun löglega fengnir og engar skýringar hans sem hefðu getað gert það sennilegt. Hlaut ákærða Reyni að vera ljóst að langlíklegast var að ákærði Kjartan hefði tekið kútana ófrjálsri hendi. Ákærði Reynir spurði einskis heldur ók áfram um, ók ákærða Kjartani heim með kútana og kom daginn eftir og ók þá aftur um með ákærða Kjartan og kútana. Þann dag var ekið á eldsneytissölur og ákærði Reynir tók þá þátt í því að afhenda kútana gegn inneignarnótum sem í framhaldinu voru nýttar meðal annars til kaupa á eldsneyti og samlokum sem báðir munu hafa nýtt. Fyrir dómi bar ákærði Reynir að hann hefði gengið við hækju á þessum tíma og því ekki getað borið nema einn kút í senn. Fyrir liggur skjáskot úr öryggismyndavél er sýnir hann á eldsneytisölu hinn 24. október með sinn kút í hvorri hendi en enga hækju. Það skjáskot eykur ekki trúverðugleika ákærða. Þegar ákærði fór með kúta inn á eldsneytissölur og fékk þeim skipt fyrir inneignarnótur voru þeir kútar í hans vörzlu. Ákærði Reynir lét sér í léttu rúmi liggja hvernig kútarnir voru fengnir og mátti vita að langlíklegast var að þeim hefði verið stolið. Þegar á framanritað er horft þykir enginn skynsamlegur vafi á sök hans samkvæmt ákærulið II í fyrri ákæru. Hefur ákærði framið hylmingu sem verður heimfærð til 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

Að því er síðari ákæru varðar játar ákærði Reynir sök að hluta. Játningar hans fá stoð í gögnum málsins og ekki þykir ástæða til að draga þær í efa. Er hann sannur að sök samkvæmt þeim og hefur unnið sér til refsingar en háttsemi hans er rétt færð til refsíákvæða í ákæru. Ekkert hefur komið fram í málinu sem leysir hann undan refsingu vegna þeirra ákæruliða, en ekki verður litið svo á að hann hafi mátt vera í góðri trú um að athafnir sínar væru refsilausar, er hann viðhafði þá háttsemi er þar greinir.

Í I. ákæruliði síðari ákæru er ákærða gefinn að sök akstur á 113 km hraða á klukkustund þegar litið hefur verið til vikmarka, á akbraut þar sem leyfður hámarkshraði er 90 km á klukkustund. D lögregluþjónn, er stóð að mælingunni, bar fyrir dómi að rétt hefði verið staðið að henni og farið eftir fyrirmælum um notkun ratsjár. Í skýrslu kemur fram að ákærða hafi verið sýndur mældur hraði á ratsjá. Lögregluþjónninn E sagði fyrir dómi að hann myndi eftir því að ákærða hefði verið sýndur mældur hraði. Ekkert hefur komið fram um að ratsjain hafi verið biluð eða rangt staðið að mælingu. Þegar á framanritað er horft og einnig með nokkurri hliðsjón af dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 297/2000 þykir verða að leggja niðurstöðu mælingarinnar til grundvallar. Samkvæmt þessu er ákærði sannur að sök samkvæmt þessum ákærulið og er háttsemi hans rétt færð til refsheimildar í ákæru.

Í gögnum vegna III. ákæruliðar liggja fyrir ljósmyndir af bifreið ákærða. Sýnir ein að útsýni úr bifreiðinni hefur verið ábótavant. Snjór og héla er yfir meginhluta framrúðu en skafið hefur verið af neðri hluta hennar bílstjóragegin. Af ljósmyndinni að dæma virðist í hæsta lagi mega gera ráð fyrir að ökumaður hafi haft útsýni um fjórðung rúðunnar. Af annarri verður ráðið að sama virðist mega segja um rúður á hægri hlið bifreiðarinnar. Af ljósmynd að dæma hefur verið útsýni um fremri hliðarrúðu til vinstri en ekkert um aftari. Þá virðist nokkur snjór eða héla á afturrúðu bifreiðarinnar en ekki þykir verða slegið föstu um útsýni um hana. Af því sem rakið hefur verið verður lagt til grundvallar að eins og þarna var komið hefði bifreiðin ekki verið notuð án þess að af leiddi hættu fyrir aðra. Ákærði byggir á því að lögregluþjónn hafi ekið bifreiðinni af vettvangi án þess að skafa af henni frekar. Lögregluþjónnar sem komu að rannsókn málsins báru að er bifreiðinni hefði verið ekið brott hefðu snjór og héla verið horfin vegna bráðnunar. Verður að miða við að svo hafi verið auk þess sem það leysti ákærða ekki undan refsingu þótt svo hefði í raun verið að lögregluþjónn hefði einnig ekið bifreiðinni með skertu útsýni. Er ákærði sannur að sök og hefur unnið sér til refsingar og háttsemi hans er rétt færð til refsheimildar í ákæru.

Í VII. ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa ítrekað neitað að gefa blóðsýni, svo sem rakið hefur verið. Óumdeilt er að ákærði neitaði að gefa sýnið og var það tekið með valdi. Fram kemur í skýrslu að þrír lögregluþjónar hafi upplýst ákærða um skyldu hans til að hlíta blóðtöku en hann ætíð neitað. Var blóðsýni tekið með valdi. Tilefni var til blóðsýnatökunnar og samkvæmt 2. sbr. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga var ákærða skylt að hlíta blóðtökunni. Því verða einnig að una þeir sem hræðast sprautur og lækna. Er sjálfstætt brot að neita blóðtökunni og ber að refsast fyrir það óháð því hvort niðurstaða blóðrannsóknar leiðir til refsingar, en en að öðrum kosti gætu allir þeir, sem aka undir áhrifum áfengis eða fíkniefna, sér að refsilausu neitað að hlíta blóðtöku. Í þessu máli liggur fyrir að ákærði hafði nýlega legið lengi á sjúkrahúsi eftir hjartastopp og mun það hafa verið honum erfitt. Má hafa á því skilning að ákærða hafi á þessari stundu hrosið hugur við blóðprufum, þótt það geti ekki leitt til þess að honum hafi verið rétt að neita að hlíta blóðtökunni. Ákærði telur sig hafa verið beittan harðræði umrætt sinn. Ekkert hefur komið fram sem gerir ákærða refsilaust að neita að hlíta blóðsýnatökunni eða hefur áhrif á niðurstöðu þessa máls. Með því er engu slegið föstu um hugsanlegan rétt ákærða gagnvart ríkinu vegna þess sem hann byggir á. Er ákærði sannur að sök og hefur unnið sér til refsingar og háttsemi hans er rétt færð til refsheimildar í ákæru.

Ákærði Kjartan var hinn 17. janúar 2019 dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir hlutdeild í þjófnaði en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Brot sitt í þessu máli framdi hann fyrir uppsögu þess dóms og verður refsing hans nú ákveðin sem hegningarauki. Ákærði hefur játað brot sitt frá upphafi og auk þess vísað á þann sem með honum var umrætt sinn. Verður fyrrgreindur dómur tekinn upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, alls sjö mánaða fangelsi en rétt þykir að fullnustu refsingarinnar verði frestað og niður falli hún að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Reynis hefur honum ekki verið gerð refsing áður. Refsing hans ákveðst fangelsi í einn mánuð og 565.000 króna sekt í ríkissjóð. Rétt þykir að fullnustu fangelsisrefsingarinnar verði frestað og niður falli hún að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð. Greiði ákærði ekki fjársektina innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins sæti hann 30 daga fangelsi. Ákærði verður sviptur ökurétti í 22 mánuði. Samkvæmt gögnum málsins var hann sviptur ökurétti til bráðabirgða 8. marz 2019 og verður sviptingin talin frá því tímamarki. Raktar hafa verið þær breytingar sem undir rekstri málsins voru á ákærunni gagnvart ákærða Kjartani. Í ljósi þeirra þykir rétt að ríkissjóður greiði að hálfu leyti á móti ákærða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða,

Ólafs V. Thordersen lögmanns, 700.910 krónur með virðisaukaskatti, en annar sakarkostnaður mun ekki hafa fallið til vegna ákærða. Við munnlegan málflutning mótmælti ákærvaldið málsvarnarreikningi verjanda ákærða Reynis og taldi úr hófi. Þegar horft er til umfangs málsins og tímaskýrslu verjanda verður málflutningsþóknun verjanda ákærða, Gísla Tryggvasonar lögmanns, ákveðin 1.054.000 krónur með virðisaukaskatti. Í ljósi breytinga á ákæru í ljósi varna ákærða þykir rétt að ríkissjóður greiði 105.400 krónur af þóknuninni. Loks verður ákærða gert að greiða 588.801 krónu annan sakarkostnað. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Alda Hrönn Jóhannsdóttir aðstoðarsaksóknari fór með málið af hálfu lögreglustjórans á Suðurnesjum. Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Ákærði Kjartan Sveinarsson sæti fangelsi í sjö mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 91/1991.

Ákærði Reynir Strandberg Arnarson sæti fangelsi í einn mánuð og greiði 565.000 króna sekt í ríkissjóð. Fullnustu fangelsisrefsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Greiði ákærði ekki fjársektina innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins sæti hann 30 daga fangelsi.

Ákærði Reynir er sviptur ökurétti í 22 mánuði frá 8. marz 2019 að telja.

Ákærði Kjartan greiði að hálfu og ríkissjóður að hálfu samtals 700.910 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs V. Thordersen lögmanns.

Ákærði Reynir greiði 984.600 krónur af málsvarnarþóknun verjanda síns, Gísla Tryggvasonar lögmanns, og 588.801 krónu annan sakarkostnað, en ríkissjóður greiði 105.400 krónur af málsvarnarþóknun verjandans.

Þorsteinn Davíðsson